



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við vígslu skautahallar
á Akureyri
25. mars 2000**

Forystusveit íþróttahreyfingarinnar
Ágætu Akureyringar.
Heiðruðu gestir.

Við eru hér samankomin til að vígja glæsilega höll sem helguð er skautaíþróttum, knattleik og listdansi, hlaupi og keppni en jafnframt er völlur hvers og eins til að gleðjast og njóta á eigin vegum, æskufólks og fjölskyldunnar til að koma hér saman og fóta sig á hálu svelli, fagna árangri hvers og eins sem framförum tekur á hverjum degi.

Skautahöllin er einstakt mannvirki sem festir enn frekar í sessi stöðu Akureyrar sem miðstöðvar vetraríþróttar á Íslandi. Hún skapar heimafólki og góðum gestum nýja aðstöðu til að efla skautaíþróttir af öllu tagi og efna hér til sýninga og viðburða sem vekja munu athygli og aðdáun um landið allt. Heimur íþróttar og menningar stækkar stórum með þeim góðu kostum sem hér munu bjóðast um langa framtíð. Ég óska Akureyringum og þjóðinni allri til hamingju með glæsilegt mannvirki og nýjan áfanga í íþróttasögu Íslendinga.

Í fornum sögum er sagt frá því að ungmenni stytta sér stundir vetrardægur við knattleiki á ísum. Og þótt við þekkjum ekki út í hörgul keppnisreglur í þeirri íþrótt hafa fræðimenn leitt að því líkur að leikurinn sá kunni að hafa verið áþekkur knattleiknum curling sem sýndur var hér á opunardegum og má því með sannri segja að í dag fari saman í höllinni fornar hefðir og framtíðarvöllur.

Það sveitafólk sem hélt héðan úr Eyjafirði vestur um haf við lok 19. aldar hafði með í farteskinu þjóðlegar íþróttir íslenskar sem lesa má um í fornum sögum. Þegar fram liðu stundir fönguðu aðrar íþróttir hugann og þá einna helst íshokkið enda sá leikur þjóðaríþrótt Kanadamanna. Vestur

Íslendingar komu sér upp liðum í þessari íþrótt á fyrstu árum þeirrar aldar sem nú er að kveðja og runnu þau saman í íshokkífélagið Falcons, eða Fálkana árið 1908. Þetta félag náði góðum árangri á heimaslóðum í Winnipeg og á landsmælikvarða þegar það hlaut Allanbikarinn árið 1920 og varð fulltrúi Kanada á Ólympíuleikunum í Antwerpen sama ár. Þar hélt sigurganga liðsins áfram og þegar yfir lauk var þetta lið alskipað Íslendingum orðið Ólympíumeistarar í íshokki.

Ég nefni þessa sögu hér í dag því á þessu ári munum við fagna með frændfólki okkar vestan hafs sameiginlegri sögu, menningu og þjóðararfleifð. Íþróttirnar á ísnum voru í hugum Íslendinga vestanhafs samnefnari fornra hefða að heiman og góðrar keppni í nýjum heimkynnum.

Með opnun glæsilegrar skautahallar hér í dag gefst okkur nú tækifæri til að bjóða þessar íþóttir frænda okkar og vina velkomnar heim um leið og við fögnum nýjum tækifærum til að efla skautaíþróttir á Íslandi.

Skautahöllin er vegleg viðbót við þau mannvirki sem gert hafa Akureyri að miðstöð vetrariþróttar okkar Íslendinga og það er mér í senn heiður og ánægja að opna hana formlega hér í dag og óska Akureyringum, Eyfirðingum og Íslendingum öllum til hamingju með glæsilega höll sem hér með er opnuð.